

Farsældarráð Vestfjarða


Tillaga

Inngangur

Með það að markmiði að styðja við innleiðingu farsældarlaga og tryggja skilvirkt samstarf þjónustuaðila er hér lögð fram drög að tillögu að skipuriti farsældarráðs Vestfjarða. Skipurit, starfsreglur og samningur ráðsins var unnin með undirbúningshópi sem skipaði fulltrúa sjö sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þau sem skipuðu undirbúningshópinn voru eftirfarandi:

Díana Ösp Magdalena, Súðavíkurhreppur
Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppur
Gunnþórunn Bender, Vesturbyggð
Hlíf Hrólfsdóttir, Strandabyggð
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur
Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstaður
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ísafjarðarbær

Tillagan byggir á þremur einingum sem mynda heildrænt skipulag utan um stefnumótun, framkvæmd og dagleg verkefni. Einingarnar vinna í nánu samstarfi við verkefnastjóra farsældar, sem starfar í umboði sveitarfélaganna og hefur aðsetur hjá Vestfjarðastofu.



Farsældarráð

Farsældarráð Vestfjarða er samstarfsvettvangur sveitarfélaga og þjónustuaðila sem starfa í þágu barna á Vestfjörðum. Ráðið styður við stefnumótun og samhæfingu þjónustu í samræmi við farsældarlög og leggur fram tillögur að sameiginlegum áherslum. Ráðið setur fram aðgerðaáætlun á fjögurra ára fresti.

Samkvæmt farsældarlögum skal ráðið skipað fulltrúum stofnana sem skilgreindar eru sem þjónustuveitendur, auk annarra aðila sem teljast mikilvægir þátttakendur í svæðisbundnu samráði. Ráðið fundar tvisvar á ári.

Sviðstjórar velferðar- og fræðslusviða	Sveitarfélög	5
Tómstunda-/íþrótta-/æskulýðsfulltrúar	Sveitarfélög	4
Fulltrúi skólastjórnenda	Sveitarfélög	3
Fulltrúi leikskólastjórnenda	Sveitarfélög	1
Sveitarstjórnarfulltrúar	Sveitarfélög	8
Fulltrúar framhaldsskóla	Ríki	3
Fulltrúi lögreglu	Ríki	1
Fulltrúar heilbrigðisþjónustu	Ríki	3
Sýslumaðurinn	Ríki	1
Svæðisfulltrúar íþrótta- og æskulýðsstarfs	Ríki	2
Fulltrúar ungmennaráðs	Landshlutasamtök	4
Fulltrúar foreldra	Sveitarfélög	3
Einkareknir tónlistar-og listaskólar	Sjálfstætt	1
Ungmennastarf björgunarsveitanna	Félagasamtök	1
Samtals		40

Farsældarráðið er skipað af fólki í fjölbreyttum stöðum hjá sveitarfélögum, ríki, félagasamtökum, landshlutasamtökum og sjálfstæðum stofnunum. Þar gefst gott tækifæri til samráðs frá þjónustuveitendum í mismunandi þjónustu við börn á ólíkum stigum stjórnsýslunnar á Vestfjörðum. Leitast er við að tryggja fulltrúa frá þremur svæðum Vestfjarða, þ.e. norðanverðum Vestfjörðum, sunnanverðum Vestfjörðum og Reykhóla- og strandasvæði.

Stjórn farsældarráðs

Til að tryggja markvissa innleiðingu aðgerða farsældarráðs er lagt til að sveitarfélög skuli skipa fulltrúa síns sveitarfélags úr farsældarráði til þess að sitja í stjórn ráðsins.

Sveitarfélögum er heimilt að koma sér saman um skipun eins fulltrúa í stjórn fyrir fleiri en eitt sveitarfélag. Stjórnin starfar í umboði ráðsins og gegnir

lykilhlutverki í að brúa bil milli stefnumótunar og framkvæmdar. Stjórnin skal skipuð 5-7 fulltrúum, þar af einum formanni og þremur varafulltrúum. Stjórnin fundar a.m.k. níu sinnum á ári. Stjórnin er skipuð af fulltrúum sem hafa mikinn áhuga á málefnum barna og fjölskyldna og hafa sterkan vilja til þess að bæta stöðu barna á Vestfjörðum. Markmiðið með stjórn ráðsins er ekki síst að leiða saman þá aðila hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum sem vinna nú þegar að kappi í málefnum barna og fjölskyldna. Stjórn ráðsins ber ábyrgð á að framfylgja ákvörðunum ráðsins í samstarfi við verkefnastjóra farsældar og viðeigandi þjónustuveitendur. Hún hefur það hlutverk að tryggja virka tengingu við stjórnsýslu, þjónustukerfi og stofnanir og leikur lykilhlutverk í mótun aðgerðaáætlunar farsældarráðs. Einnig væri stjórn falið mikilvægt hlutverk í kortlagningu og greiningu á svæðisbundnum styrkleikum og áskorunum á málefnasviði ráðsins. Hlutverk stjórnar er að:

- a. stýra daglegu starfi ráðsins milli funda,
- b. undirbúa mál til afgreiðslu í ráðinu,
- c. hafa yfirumsjón með starfi spretthópa og starfshópa,
- d. annast framkvæmd ákvarðana ráðsins,
- e. sækja fræðslu og endurmenntun.

Verkefnastjóri farsældarráðs

Verkefnastjóri er starfsmaður ráðsins og skal hafa náið samráð við sveitarfélögin, kjörna fulltrúa sveitarfélaganna, fulltrúa ráðsins, stjórn, spretthópa og starfshópa. Hlutverk verkefnastjóra er m.a. að:

- a. halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, boða fundi þess, rita fundargerðir og senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til kynningar,
- b. halda utan um gerð áætlunar um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára, senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til staðfestingar og svo Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála,
- c. halda utan um gerð skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða á tveggja ára fresti, senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til kynningar og svo Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála,
- d. sinna öðrum þeim verkefnum sem ráðið felur viðkomandi og fellur að tilgangi og markmiði samnings sveitarfélaga um farsældarráð Vestfjarða.

Starfshópar

Stjórn er heimilt að leggja til og stofna starfshópa á milli aðila sem eru í sambærilegri þjónustu við börn og fjölskyldur á Vestfjörðum. Starfshópar hafa það meginmarkmið að styrkja samráð og stuðning sín á milli þjónustuveitenda á Vestfjörðum sem sinna sambærilegu hlutverki. Starfshópar funda reglulega yfir árstímabil eða eftir því sem

hóparnir ákveða. Hér er sem dæmi hægt að nefna starfshóp tómstunda-/íþróttar-/ og æskulýðsfulltrúa og starfshóp skólastjórnenda.

Spretthópar

Stjórn er heimilt að stofna tímabundna, verkefnadrifna hópa sem halda utan um sértæk verkefni. Spretthópar eru stofnaðir þegar aðgerðir hafa í þörf með sér samstarf ólíkra fagstétta og hópa. Spretthópar hafa skýr markmið og skal góð verkefnalýsing liggja fyrir hópinn þegar hann er stofnaður. Spretthópar eru ávalt tímabundnir og skal dagsetning um lok vinnu spretthópa liggja fyrir frá stofnun hópanna.

Samantekt

Farsældarráðið er skipað 40 fulltrúum frá sveitarfélögum, ríki, félagasamtökum og landshlutasamtökum. Þar gefst kostur á raunverulegu samráði og samvinnu þjónustuveitenda á öllum stigum stjórnsýslunnar á Vestfjörðum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja jafna þátttöku frá þremur meginsvæðum, norðanverðum Vestfjörðum, sunnanverðum Vestfjörðum og Reykhóla- og Strandasvæði svo að rödd allra svæða sé tryggð. Ráðið fundar tvisvar á ári og setur fram aðgerðaáætlun á fjögurra ára fresti sem mótar sameiginlega stefnu sveitarfélaganna í málefnum barna. Til að tryggja að ákvarðanir ráðsins skili sér í framkvæmd starfar fimm manna stjórn í umboði ráðsins. Verkefnastjóri farsældarráðs heldur utan um fundi, fundargerðir og áætlanagerð, sér um framvindu og skýrslugerð og tryggir tengingu milli sveitarfélaganna, ráðsins og þjónustuveitenda. Hægt er að stofna starfshópa og spretthópa eftir þörfum. Starfshópar efla samráð milli aðila sem sinna sambærilegri þjónustu en spretthópar eru tímabundnir hópar sem vinna að afmörkuðum verkefnum þar sem samvinna ólíkra fagstétta skiptir sköpum.

Með því að sameina krafta allra sem koma að málefnum barna, skóla, velferðarþjónustu, heilbrigðisþjónustu, lögreglu, félagasamtaka og foreldra verður hægt að veita markvissari og heildstæðari þjónustu sem byggir á staðbundinni þekkingu og þörfum. Farsældarráð Vestfjarða verður mikilvægur samstarfsvettvangur sem styrkir stöðu sveitarfélaganna gagnvart ríkinu og öðrum samstarfsaðilum, eykur faglegt samráð, dregur úr tvíverknaði og tryggir að enginn detti milli kerfa. Með sameiginlegri stefnu, gagnsæju samstarfi og faglegri verkstjórn verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að veita börnum og fjölskyldum á Vestfjörðum þá þjónustu sem þau eiga rétt á, á réttum tíma og á réttum stað.